



Keppnisreglur Sleðahundaklúbbs Íslands

Skijöring og hundasleðar

1. Brautin

- 1.1 Brautin skal vera vandlega merkt með greinilegum hætti fyrir keppendur.
- 1.2 Brautarmerkingar þ.m.t. upphaf og endir skulu vera greinileg.
- 1.3 Yfirborð keppnisbrautar skal vera hentugt hundum. Forðast skal efni sem skaðað geta hundana. Þó má víkja frá þessari reglu við gatnamót og þverun vega eða stíga. Brautir í snjó skulu vera troðnar og merktar áður en keppni hefst.
- 1.4 Aðeins eitt lið fer af stað í braut í einu. Í hverri keppni er tímataka og skal liðum hleypt af stað með hæfilegu og jöfnu millibili (viðmið 30-120sek).
- 1.5 Engir hundar mega vera staðsettir meðfram keppnisbrautinni.
- 1.6 Mótstjórn er heimilt að aflýsa keppni telji hún að brautin standist ekki kröfur hennar.
- 1.7 Kúskur má fá aðstoð í keppni frá rásmarki til enda ræsisvæðis sem mótstjórn ákveður hverju sinni. Ræsisvæði má vera allt að 100 metra langt.

2. Þáttökuskilyrði

- 2.1 Kúskur skal vera fullgildur meðlimur í Sleðahundaklúbbi Íslands þegar keppni fer fram. Þó má halda opnar keppnir þar sem vikið er frá þessari reglu og skal hún þá auglýst sem slík.
- 2.2 Enginn hundur, búnaður eða fatnaður má vera þaðan sem smitsjúkdómar hafa greinst allt að 2 mánuðum fyrir fyrsta keppnisdag.
- 2.3 Allir hundar skulu vera bólusettir við smáveirusótt og smitandi lifrabólgu. Einnig skulu þeir vera ormahreinsaðir.
- 2.4 Enginn búnaður, skór eða hanskar sem hafa verið notuð í tengslum við hunda í öðrum löndum eru leyfileg á mótstað nema að undangenginni sótthreinsun. Brot á þessari reglu varðar tafarlausan brottrekstur úr keppni og af mótstað.
- 2.5 Þegar lið hefur hafið keppni má ekki skipta út hundum í liðinu. Falli hundur úr keppni má skilja hann frá liðinu og koma honum í hendur ábyrgs aðila og halda áfram keppni með eftirstandandi hundum svo lengi sem fjöldi þeirra fer ekki undir uppgefið lágmark fyrir yfirstandandi keppni/riðli. Fjöldi hunda í hverju liði skal vera í samræmi við auglýstan fjölda hunda í viðkomandi riðli.
- 2.6 Í keppni með fleiri en einum riðli er mótstjórn heimilt að merkja hundana svo hægt sé að bera kennsl á þá. Mótstjórn er heimilt að nota örmerkjaskanna á keppnissvæðinu til að bera kennsl á hunda.
- 2.7 Sami kúskur skal leiða sama lið frá upphafi til enda keppni. Aðeins má fá staðgengil kúsks



ef upp koma óvænt veikindi eða slys. Staðgengill skal hljóta samþykki mótstjórnar áður en hann hefur keppni.

2.8 Allar tegundir hunda mega taka þátt í keppnum. Hundar þurfa að vera heilbrigðir og skráðir í keppnir eða flokka eftir getu þeirra og hæfni.

2.9 Mótstjórn er heimilt að vísa frá hundum sem hún telur ekki líkamlega færa um að ljúka keppni eða riðli. Mótstjórn er heimilt að færa niður um keppnisflokk hvern þann kúsk, hund eða lið sem að hennar mati er ófær um að ljúka eða heyja keppni af einhverjum ástæðum.

2.10 Hundar yngri en 12 mánaða á fyrsta mótsdegi hafa ekki þátttökurétt í keppnum.

2.11 Við skráningu í keppni þarf að gefa upp nafn kúsks og nafn hunds, eins getur mótstjórn óskað eftir heilsufarsupplýsingum um skráðan hund. Allar breytingar á forsendum frá því sem gefið er upp á skráningarblöðum skal tilkynna mótstjórn tafalaust. Ótilkynntar breytingar varða brottrekstur úr keppni nema mótstjórn ákveði annað.

2.12 Farþegar verða að hljóta samþykki mótstjórnar fyrir að sitja á sleða.

2.13 Hvolpafullar tíkur eru bannaðar í keppnum. Þá skal óheimilt að láta tíkur keppa áður en liðnar eru 10 vikur frá goti á mótsdegi.

2.14 Sami hundur má ekki keppa oftar en einu sinni í hverri grein.

3. Lyf og lyfjagjöf

3.1 Hvert það lyf sem eykur getu hunda í keppni er bannað.

3.2 Öll lyf sem talist geta skaðleg eða hættuleg heilsu og heilbrigði hundanna almennt eru bönnuð.

3.3 Komi upp grunur um að hundur sé á ólöglegum lyfjum hefur mótstjórn rétt á að láta dýralækni meta ástand hans. Meti dýralæknir ástand hunds slíkt að óleyfileg lyf hafi áhrif á hann er hundinum, liðinu og kúsknum vísað úr keppni og meinuð þátttaka í öðrum greinum á því móti. Ef grunur reynist réttur skal eigandi greiða þann kostnað sem til fellur. Að auki getur stjórn Sleðahundaklúbbs Ísland tekið ákvörðun um víðtækara keppnisbann eftir atvikum. Skal það gert á stjórnarfundum klúbbsins sem haldin yrði við fyrsta mögulega tækifæri eftir uppvíst brot.

3.4 Mótstjórn er heimilt að fara fram á læknisskoðun hvers þess hunds sem skráður eru til keppni án sérstakrar skýringar.

4. Búnaður

4.1 Öll ábyrgð á búnaði, ástandi hans og öðru sem við kemur honum er á ábyrgð kúsks, liðstjóra eða eiganda eftir atvikum.

4.2 Allir taumar skulu festir þannig að hægt sé að losa þá í sundur og hunda frá taumum hratt og vel.



- 4.3 Línur mega ekki vera trosnaðar eða slitnar. Kúskur skuldbindur sig til að vera með búnað sem að eftir bestu vitneskju stenst það álag sem á hann er lagt.
- 4.4 Múlar, keðjuólar, gaddaólar, svipur eða annar búnaður sem getur haft skaðleg áhrif á hunda, kúska eða aðra aðila á keppnisstað er stranglega bannaður og er mótstjórn heimilt að gera slíkan búnað upptækan meðan á keppni stendur.
- 4.5 Gaddaður skófatnaður er bannaður með undantekningum um göngumannbrodda ef aðstæður krefjast þess. Mótstjórn þarf að samþykkja slíkan búnað áður en kúskur fer í braut.
- 4.6 Sleðar skulu útbúnir með bremsu og ankeri.
- 4.7 Mælst er til að kúskur og farþegar noti ávallt viðeigandi hjálm í keppni.
- 4.8 Mælst er til að kúskur hafi öryggislínu á sleðanum.
- 4.9 Mótstjórn er heimilt að kanna allan búnað hvenær sem er í leit að augljósum brotum á þessum reglum. Telji mótstjórn hluta af ofangreindum reglum ábótavant getur hún farið fram á tafarlausar lagfæringar, eða, vikið keppanda úr keppni fari hann ekki eftir kröfum mótstjórnar.

5. Svæðið

- 5.1 Öll sölustarfsemi gesta eða keppenda er háð samþykki stjórnar Sleðahundaklúbbs Íslands.
- 5.2 Hver eigandi, kúskur eða liðstjóri ber ábyrgð á því að hirða upp skít eftir sína hunda og skilja við svæðið eins og komið var að því.
- 5.3 Allur búnaður eða hljóðfæri sem ætluð eru til hvatningar á liðum eða geta truflað keppni eru bönnuð.
- 5.4 Öll lausaganga hunda er stranglega bönnuð á svæðinu.
- 5.5 Valdi hundur tjóni á svæðinu af einhverju tagi er það á ábyrgð eiganda, kúsks eða liðstjóra eftir atvikum. Skal það mál til lykta leitt á milli þolanda og geranda eða ábyrgðaraðila áður en farið er af svæðinu.
- 5.6 Hver og einn ber ábyrgð á þeim hundi sem hann hefur í sinni vörslu.
- 5.7 Sleðahundaklúbbur Íslands ber hvorki ábyrgð á búnaði, hundum né einstaklingum á svæðinu.
- 5.8 Vélknúin ökutæki eru bönnuð á keppnissvæðinu meðan á keppni stendur nema í neyðartilfellum.

6. Mótstjórn

- 6.1 Í mótstjórn skulu sitja þrjú einstaklingar. Hún er skipuð fyrir hvert mót.
- 6.2 Í álitamálaum innan mótstjórnar skal stjórnin kjósa um mál og gildir þar einfaldur meirihluti atkvæða.



- 6.3 Stjórn Sleðahundaklúbbs Íslands birtir auglýsingu fyrir setu í mótstjórn minnst 20 dögum fyrir hverja keppni. Stjórnin setur lokadagsetningu fyrir umsóknir og mótstjórn skal vera að fullu skipuð minnst 5 dögum fyrir keppni.
- 6.4 Til að sitja í mótstjórn þarf einstaklingur að vera fullra 18 ára á keppnisdegi, þekkja þessar keppnisreglur. .
- 6.5 Stjórn klúbbsins velur þá sem hún telur best henta til setu í mótsstjórn úr umsækjendum eða tilnefnir aðila telji hún það henta betur.
- 6.6 Ef færri en þrír sækja um í mótstjórn skipar stjórn Sleðahundaklúbbs Íslands í þau sæti sem upp á vantar.

7. Annað

- 7.1 Kærufrestur á framkvæmd keppni eða úrslit er 30 mínútur frá því að síðasti keppandi hefur lokið keppni. Kærur skulu berast mótsstjórn og hún tekur endanlega ákvörðun um úrskurð vegna kærunnar innan 1 klst. frá því að keppni lýkur. Mótsstjórn skráir móttæknar kærur og skilar skráningum til ritara klúbbsins eftir keppni.
- 7.2 Keppendur skulu kynna sér gildandi dýraverndarlög, fara eftir þeim og tilkynna brot á þeim sem þeir verða varir við.
- 7.3 Mótstjórn er heimilt að víkja fólki úr keppnum sem uppvíst er að beita hunda sína harðræði.